

## 114. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 4. desember 2020

### Fundargerð

Fundurinn fór fram á Teams og hófst hann kl. 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson-formaður, Gauti Jóhannesson-varaformaður, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Lagði hann til að byrjað yrði á liði 3 Sameiginlegum fundi með fagráði Austurbrúar og var það samþykkt.

#### 1. Fundargerð 113. fundar stjórnar til samþykktar

*Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.*

#### 2. Ályktun frá sveitastjórn Múlaþings vegna Egilsstaðaflugvallar

*Gauti tók til máls og kynnti ályktunina. Framkvæmdastjóri fór yfir þau samskipti sem hún hefði átt í tengslum við efni ályktunarinnar. Framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni falið að fylgja málinu eftir.*

#### 3. Sameiginlegur fundur stjórnar Austurbrúar og fagráðs Austurbrúar.

*Samkvæmt 10. gr. Skipulagskrár „...Stjórn og fagrád skulu funda saman að minnsta kosti einu sinni á ári..“.*

Mættir fulltrúar fagráðs auk þeirra sem sitja í stjórn Austurbrúar: Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Sindri Sigurðsson og Hlín Pétursdóttir Behrens

*Framkvæmdastjóri sagði frá verkefnum og starfsemi Austurbrúar á árinu. Verkefnið tóku töluverðum breytingum í vor vegna Covid. Unnið var með Vinnuálagstofnunun og sveitarfélögunum, auk þess sem mikið samtal átti sér stað tengt mótun aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar og nýjum áherslum í markaðsmálum. Þessa dagana er verið að skipuleggja næsta ár og vinna fjárhagsáætlun.*

Framkvæmdastjóri kynnti áherslur og fyrstu drög að starfsáætlun Austurbrúar 2021. Starfsáætlunin byggir á markmiðasetningu eftirfarandi verkefnaflokka:

- Verkefni tengt háskóla- og rannsóknarmálum
- Verkefni tengt símenntun
- Verkefni tengd atvinnuþróunarmálum og ferðaþjónustu
- Verkefni tengd sóknar- og byggðaáætlun
- Verkefni tengd SSA
- Grunnrekstur Austurbrúar

Umræður stjórnar og fagráðs um nýjar áherslur og tækifæri næstu ár. Stjórnarmenn og fagráðsfulltrúar þökkðu fyrir fundinn og töldu að það væri mikilvægt að ná að funda oftár sameiginlega til að miðla áherslum sem stuðla að eflingu Austurlands.

#### 4. Endurstaðfesting á nýrri stjórn.

Endurstaðfesting á nýrri stjórn. Ný stjórn Austurbrúar endurstaðfest frá fundi 6.nóvember í tengslum við frágang skjala til fyrirtækjaskrár RSK.

Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl 15:00

\_\_\_\_\_

Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_

Sigríður Bragadóttir

\_\_\_\_\_

Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_

Sæunn Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_

Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_

Þráinn Lárusson

\_\_\_\_\_

Pálína Margeirsdóttir